

AUGLÝSING

um skattumdæmi.

Við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur í eitt sveitarfélag með lögum nr. 17/1998, flyst Kjalarneshreppur úr umdæmi skattstjórans í Reykjanesumdæmi til umdæmis skattstjórans í Reykjavík.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi skal annast um vinnslu skattgagna, alla þjónustu og hvers kyns skattákvæðanir á skattþegna í Kjalarneshreppi, þ.m.t. að úrskurða í kærumálum, eftirlit o.fl., vegna skattskila fyrir tekjuárið 1997 og eigna í lok þess árs og fyrr. Sama á við um skattákvæðanir í þeim málum sem varða tekjuárið 1998 og hafnar voru aðgerðir í 6. júní 1998 og fyrr.

Skattstjórinn í Reykjavík skal á sama hátt annast um úrvinnslu skattgagna er varða tekjuárið 1998 og annast um þá þjónustu er veita skal þeirra vegna. Skal hann m.a. sjá um verkefni er lúta að virðisaukaskatti, staðgreiðslu og tryggingagjaldi ársins 1998, sbr. þó 3. mgr.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 1998.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Kvótaping Íslands fiskveiðiárið 1998-1999.

1. gr.

Þóknun fyrir skráningu og greiðslumiðlun vegna tilboðs sem skráð er á Kvótapingi Íslands skal vera kr. 700 auk 0,1% af verðmæti viðskipta á grundvelli tilboðsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett með stöð í 7. gr. laga nr. 11/1998 og samþykkt af stjórn Kvótaping Íslands staðfestist hér með og öðlast gildi 1. september 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.